

# SAMÞYKKT

## fyrir Veiðifélag Rangárvallafréttar.

### 1. gr.

Félagið heitir Veiðifélag Rangárvallafréttar. Heimili þess og varnarþing er heimili formanns. Félagið starfar eftir lögum um lax- og silungsveiði nr. 76/1970, með síðari breytingum.

### 2. gr.

Félagið nær til allra vatna á Rangárvallafrétti, sem eru Laufavatn, Skyggnishlíðarvötn, Álftavatn og Torfavatn, auk alls annars vatnasvæðis Rangárvallafréttar að undanskildu vatnasvæði Markarfljóts, Hvítmögu, Kaldaklofskvíslar og Bláfjallakvíslar, þar sem þessar ár liggja á hreppamörkum.

### 3. gr.

Aðild að félaginu eiga allar jarðir sem upprekstur eiga á Rangárvallafrétt, en þær eru:

|                   |            |                 |            |
|-------------------|------------|-----------------|------------|
| Árbær             | 8607-05000 | Kirkjubær       | 8607-29000 |
| Ármót             | 8607-11000 | Kot             | 8607-31000 |
| Ártún             | 8607-12000 | Lambhagi        | 8607-32000 |
| Bakkakot          | 8607-13000 | Langanesmelar   | 8607-32500 |
| Bolholt           | 8607-13500 | Langekra        | 8607-33000 |
| Eystra-Fróðholt   | 8607-14000 | Litla-Strönd    | 8607-34000 |
| Foss              | 8607-15000 | Minna-Hof       | 8607-35000 |
| Fróðholtshjáleiga | 8607-15500 | Nes             | 8607-36000 |
| Gaddstaðir        | 8607-15700 | Oddhóll         | 8607-38000 |
| Galtárholt        | 8607-15800 | Oddi            | 8607-39000 |
| Geldingalækur     | 8607-16000 | Rauðnefsstaðir  | 8607-39500 |
| Grafarbakki       | 8607-16500 | Reyðarvatn      | 8607-40000 |
| Gröf              | 8607-16800 | Reynifell       | 8607-41000 |
| Gunnarsholt       | 8607-17000 | Selalækur       | 8607-42000 |
| Haukadalur        | 8607-18000 | Selsund         | 8607-43000 |
| Heiðarbrekka      | 8607-19000 | Sólvellir       | 8607-44000 |
| Heiði I           | 8607-20000 | Stokkalækur     | 8607-45000 |
| Heiði II          | 8607-20100 | Stóra-Hof       | 8607-46000 |
| Helluvað I        | 8607-20500 | Svínhagi        | 8607-48000 |
| Helluvað II       | 8607-21000 | Uxahryggur I    | 8607-49000 |
| Helluvað III      | 8607-22000 | Uxahryggur II   | 8607-50000 |
| Hjarðarbrekka     | 8607-23000 | Varmidalur I    | 8607-51000 |
| Hofteigur         | 8607-23500 | Varmidalur II   | 8607-51100 |
| Hróarslækur       | 8607-25000 | Vestra-Fróðholt | 8607-52000 |
| Kaldbakur         | 8607-26000 | Vindás          | 8607-54000 |
| Keldur            | 8607-27000 | Þingskálar      | 8607-55000 |
| Ketilhúshagi      | 8607-28000 | Þorleifsstaðir  | 8607-56000 |

## 4. gr.

Verkefni félagsins er að viðhalda góðri fiskgegnd á félagssvæðinu og ráðstafa fiskveiði eftir því sem aðalfundur ákveður. Félagið tekur til allrar fiskveiði á félagssvæðinu.

## 5. gr.

Stjórn félagsins skipa þrír menn, formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á víxl, þannig að formaður gengur út eftir eitt ár, annar meðstjórnandinn eftir tvö ár og hinn eftir þrjú ár, helst svo sama röð áfram. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorast undan kosningu nema sérstök forföll hamli eða að hann hafi verið í stjórn í þrjú ár. Kjósa skal jafn marga til vara og ganga þeir úr á sama hátt og aðalstjórn. Tvo skoðendur skal kjósa til tveggja ára í senn, ganga þeir úr sitt árið hvor.

## 6. gr.

Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins sem vinna þarf á hverjum tíma og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum. Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema með sérstöku skriflegu leyfi félagsstjórnarinnar eða öðrum sem hún gefur umboð til þess. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

## 7. gr.

Aðalfund skal halda í marsmánuði ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þá skal leggja fram skoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá.

## 8. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, arðskrá, fundargerðir og bréf.

## 9. gr.

Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.

## 10. gr.

Samþykktum þessum má einungis breyta á aðalfundi, skal þess þá getið í fundarboði og þarf til þess samþykki 2/3 félagsmanna. Ef fundarsókn er ekki næg skal boða til annars fundar með sama hætti. Þar ræður afl atkvæða.

## 11. gr.

Brot á samþykkt þessari varðar sektum samkvæmt XVI. kafla laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt 52. gr. laga nr. 76 25. júní 1970 um lax- og silungsveiði, með síðari breytingum, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Landbúnaðarráðuneytið, 20. febrúar 1995.*

**Halldór Blöndal.**

Jón Höskuldsson.

## REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð nr. 536/1990 um innheimtu gjalda til  
Framleiðsluráðs landbúnaðarins og Stofnlánadeildar landbúnaðarins.**

1. gr.

F-liður 2. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

- f) garð- og gróðurhúsaafurðir hvers konar, þ.m.t. trjáplöntur og runnar til skrudgarðyrkju, svo og útsæðiskartöflur, aðrar en þær sem seldar eru kartöflubændum.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum og lögum nr. 45/1971, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

*Landbúnaðarráðuneytið, 20. febrúar 1995.*

**Halldór Blöndal.**

Jón Höskuldsson.